

Norðurslóðaáætlunin (NPA) 2021-2027

Hér að neðan er yfirlit yfir þau verkefni með íslenskum þátttakendum sem hlotið hafa styrk á áætlunartímabilinu. Yfirlitið er sett upp í tímaröð eftir því sem köll hafa verið opin.

Fyrsta kall eftir aðalverkefnum var opið 27. apríl – 20. júní 2022 og alls bárust 19 umsóknir, þar af 16 með íslenskum þátttakendum. Samþykkt var á fundi stjórnar áætlunarinnar 28. september 2022 að styðja átta verkefni og þar af eru sex með íslenskum þátttakendum.

INNOCAP - Building public sector innovation capacity towards digital-driven NPA communities er samstarfsverkefni írskra, finnskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að auka gæði og sjálfbærni í opinberri þjónustu með því að auka færni starfsmanna til að nýta stafræna tækni og umskapandi nýsköpun (disruptive innovation) í daglegum störfum.

Þátttakendur eru European Regions Network for the Application of Communications Technology (IE) sem leiðir verkefnið, Association of Local Authorities Västernorrland (SE), University of Helsinki (FI) Donegal County Council (IE) National University of Ireland, Galway (IE) og [Samtök sunnlenskra sveitarfélaga](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 138 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

Target Circular - Supporting Sustainable SMEs to Success er samstarfsverkefni írskra, norskra, finnskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að styrkja rekstrarförsendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ekki síst þeirra sem vilja leggja áherslu á sjálfbærni, nýta tækifæri til eflingar á stoðþjónustu við þau og nýta nýjustu þekkingu til að fjölga störfum og stuðla að vexti og samkeppnishæfni þeirra.

Þátttakendur eru Munster Technological University (IE) sem leiðir verkefnið, Centria University of Applied Sciences Ltd (FI), Ludgate Operations CLG (IE), Strukturum i Jokkmokk AB (SE), Biotech North (NO), Kokkolanseudun Kehitys Ltd (FI) og [Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.412 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 159 þús. evrur.

GLOW 2.0 - Green energy technologies for tourism growth er samstarfsverkefni finnskra, írskra, norskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að beita „grænu

viðskiptamódeli“ í tilraunaverkefni um hvernig megi þróa sjálfbæran rekstur í litlum og meðalstórum fyrirtækjum með áherslu á þau sem nýta myrkrið og næturhimininn á norðurslóðum, s.s. Norðurljósinn, í starfsemi sinni.

Þátttakendur eru Karelia University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, Federation of Northern Lapland municipalities (Sodankylä, Inari, Utsjoki) (FI), The Gaeltacht Authority (IE), Innovation and Management Centre WestBIC (IE), UiT The Arctic University of Norway (NO) og [Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.798 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

HYBES - Hybrid energy solutions for buildings, and infrastructure er samstarfsverkefni norskra, írskra, færeyskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að beita aðferðafræði lifandi tilraunastofa (living labs) til að byggja upp kolefnislaus svæði í dreifbýli og á jaðarsvæðum. Verkefnisaðilarnir munu nýta tilraunaverkefnin til að auka þekkingu og skilning almennings á mikilvægi þess að draga úr kolefnislosun í andrúmsloftið.

Þátttakendur eru Nordland Research Institute (NO) sem leiðir verkefnið, Cork County Council (IE), Secure and Fix It Enterprises T/A NCE Insulation (IE), City of Umeå (SE), University College Cork - National University of Ireland, Cork (IE), Umeå University (SE), Tórshavn Municipality (FO), Bodø Municipality (NO) og [Orkustofnun](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.579 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 140 þús. evrur.

Ar2CorD - Low Carbon Concrete for Arctic Climate with Excellent Sustainability and Durability er samstarfsverkefni norskra, grænlenkskra, finnskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að minnka kolefnisspor steypu með staðbundnum íblöndunarefnum í stað hefðbundins sements allt að 30%. Ein megin áskorunin er að takast á við þá miklu áraun sem steypa verður fyrir vegna frost- og hitabreytinga á norðurslóðum og hefur valdið því að ekki er unnt að nýta sömu íblöndunarefni til minnkunar á kolefnissporinu og við mildari veðuraðstæður.

Þátttakendur eru UiT, The Arctic University of Norway (NO) sem leiðir verkefnið, Luleå University of Technology (SE), University of Oulu (FI), Reykjavík University (IS), NORCEM AS (NO), Concrete Industry (SE), BM Vallá ehf. (IS), Permagreen Grønland A/S (GL) [Háskólinn í Reykjavík](#) og [BM Vallá ehf.](#) Heildarkostnaður verkefnisins er 1.357 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

CIRCNETS - Blue Circular Nets er samstarfsverkefni finnskra, írskra, norskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að þróa skilvirkt söfnunarkerfi fyrir aflögð veiðarfæri til að draga úr mengun sjávar en um leið að opna farveg fyrir endurvinnslu og endurnýtingu þeirra sem hráefnis í nýja framleiðslu og efla þannig hringrásarhagkerfið á svæðinu

Þátttakendur eru University of Oulu (FI), Norwegian University of Science and Technology (NO), Western Development Commission (IE), National University of Ireland Galway (IE), Marine Ecological Solutions (IS), Municipality of Sotenäs (SE) og [Pólar toglerar ehf.](#) Heildarkostnaður verkefnisins er 1.500 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

Fyrsta kall eftir forverkefnum var opið 29. ágúst – 19. september 2022 og alls bárust 11 umsóknir, þar af fjórar með íslenskum þátttakendum. Á fundi stjórnar áætlunarinnar 2. desember 2022 var samþykkt að styðja átta verkefni og þar af eru fjögur með íslenskum þátttakendum.

NPA KET - Value chain analyses of transdisciplinary “KET-enabled” makerspaces

„Green Deal“ Evrópusambandsins hvetur háskóla og atvinnulíf til breytinga á atvinnuháttum með nýsköpun. Jaðarsvæði þarfnast aðstöðu sem gerir mismunandi þekkingu kleift að renna saman í tilraunastofuumhverfi – sköpunarstöð. Virkni slíkra sköpunarstöðva ræðst af aðgengi þeirra að lykiltækni (e. key enabling technologies), s.s. nýjum eignum, rafeindatækni, ljóseðlisfræði og gervigreind. Aðgengi að slíkum sköpunarstöðvum skapa tækifæri til nýsköpunar sem höfðar til ungs fólks til að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja á áætlunarsvæðinu. Í verkefninu verður beitt nýrri aðferðafræði við greiningu á því hvernig slíkar sköpunarstöðvar geti sem best komið til móts við staðbundnar þarfir.

Þátttakendur eru University of Galway (IE), sem leiðir verkefnið, Centria University of Applied Sciences (FI) og [Háskóli Íslands](#). Heildarverkefniskostnaður er 99.997 evrur og þar af er íslenski hlutinn 30.768 evrur.

BRAIN - Building Resilient And Innovative Networks among rural communities

Verkefnið er fýsileikakönnun og þarfagreining varðandi stafræna stoðþjónustu við fyrirtæki og samfélög í að nýta sér stafræna tækni í tengslum við loftslagsbreytingar. Fókusinn er á græn viðskiptamódel og hringrásarhagkerfi. Í aðalverkefni yrði síðan komið upp stafrænni miðstöð sem miðlaði þekkingu og aðstoðaði samfélög og fyrirtæki í hinum

ýmsu atvinnugreinum í að þróa starfsemi sína til minni umhverfisáhrifa jafnhliða efnahagslegri sjálfbærni.

Þátttakendur eru The Gaeltacht Authority Partnership, sem leiðir verkefnið, Karelia University of Applied Sciences (FI), Innovation and Management Centre CLG T/A WestBIC (IE), Mayo County Council (IE) og [Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra](#). Heildarverkefniskostnaður er 49.994 evrur og þar af er íslenski hlutinn 10.100 evrur.

ARCTICOATS - Adapted and Resilient OATS for northern periphery areas

Með hlýnandi veðurfari breytast ræktunarforsendur á norðurslóðum sem geta leitt til eflingar landbúnaðar á svæðinu sem atvinnugreinar og bætt fæðuöryggi þess. Þó hafrar sýni sig í að geta vaxið í köldu loftslagi eru óleystar áskoranir hvað varðar veðurþol, sjúkdóma, mismunandi jarðveg og langa daga. Það er því mikilvægt að breikka erfðafræðilegan grunn og finna yrki sem henta þeim veður- og jarðvegsskilyrðum sem eru á svæðinu. Það er markmið verkefnisins, en vegna þess hve lítill núverandi markaður er hafa þau fyrirtæki sem starfandi eru á sviðinu ásamt viðkomandi háskólum ákveðið að taka höndum saman um þróun yrkja með forræktun og nýjustu tækni.

Þátttakendur eru Natural Resources Institute Finland (FI), sem leiðir verkefnið og [Landbúnaðarháskóli Íslands](#). Heildarverkefniskostnaður er 48.607 evrur og þar af er íslenski hlutinn 20.657 evrur.

BioDiver - Biodiversity sustaining carbon management in degraded lands and cut-away peatlands in Northern periphery and Arctic regions

Kolefnisföngun á heimsvísu þarf að haldast í hendur við líffræðilegan fjölbreytileika og á starfssvæði Norðurslóðaáætlunarinnar eru svæði sem þróa má til betri kolefnisbindingar, m.a. uppblásturssvæði hér á landi. Markmið verkefnisins er að koma upp aðgerðamódeli þar sem sjálfbærni næst með samstarfi ólíkra aðila þar sem efnahagslegur ávinningur helst í hendur við líffræðilega fjölbreytni. Til að ná slíkum markmiðum þurfa landeigendur tekjur til að viðhalda jafnvægi milli kolefnisbindingar og líffræðilegs fjölbreytileika.

Þátttakendur eru University of Eastern Finland (FI), sem leiðir verkefnið, Norwegian University of Science and Technology (NO) og [Landbúnaðarháskóli Íslands](#). Heildarverkefniskostnaður er 99 þús. evrur og þar ef er íslenski hlutinn 25 þús. evrur.

Annað kall eftir aðalverkefnum var opið 5. október – 5. desember 2022 og alls bárust níu umsóknir, þar af sjö með íslenskum þátttakendum. Á fundi stjórnar

áætlunarinnar 22. mars 2023 var samþykkt að styðja sex verkefni og þar af eru fimm með íslenskum þátttakendum.

MERSE - Business Models Empowering Rural Social Entrepreneurship – voicing the rural norm snýst um að umbreyta og þróa viðskiptamódel, stuðningskerfi og aðstæður fyrir óhagnaðardrífna starfsemi ýmis konar í dreifbýli. Stuðla að þekkingarflæði milli landa varðandi óhagnaðardrífna starfsemi og skapa tengslanet til að tengja frumkvöðla á þessu sviði betur við stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar. Markmiðið er að skapa betri tækifæri fyrir þau sem vilja þróa sjálfbæra frumkvöðla- og samfélagsstarfsemi sem stuðlað getur að bættum búsetuskilyrðum á öllu starfssvæði áætlunarinnar.

Þátttakendur eru Mid Sweden University (SE) sem leiðir verkefnið, Companion Co-operative Development (SE), KBT Vocational School (NO), The Gaeltacht Authority (IE), University of Helsinki (FI) og [Vestfjarðastofa](#). Heildarverkefniskostnaður er 1.703 þús. evrur og þar ef er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

SUB - Sustainable Arctic and Peripheral Biking Tourism hefur að markmiði að yfirfæra og þróa frumkvöðlamenningu og sjálfbært viðskiptamódel í hjólréiðaferðamennsku í samstarfi við lítil og millistór fyrirtæki. Verkefnisaðilar sjá hjólréiðaferðamennsku sem vaxandi þátt sem geti aukið efnahagslega fjölbreytni og þar með seiglu smærri samfélaga. Vöxtur staðbundinna smærri og meðalstórra fyrirtækja séu lykilþáttur í vexti og auknum atvinnutækifærum. Sérstök áhersla er á að ná til yngra fólks í verkefninu.

Þátttakendur eru The Local Federation of East Lapland (FI) sem leiðir verkefnið, LUKE - Natural Resources Institute Finland (FI), Visit Torshavn (FO) Jämtland Härjedalen Tourism (SE) Donegal County Council (IE) og [Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra](#). Heildarverkefniskostnaður er 1.876 þús. evrur og þar ef er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

COPOWER - COmmunity based virtual POWER plant snýst um að þróa samfélagslega sýndarvirkjun (community-based Virtual Power Plant (cVPP)) ásamt viðskiptamódeli í fimm samfélögum í Finnlandi, Íslandi, Írlandi og í Færeyjum. Markmiðið er, í gegnum samstarf milli landa, að nýta stafræna tækni til að tengja saman margar smærri virkjanir og orkukerfi og keyra sem eina heild, líkt og gert er í stærri kerfum, til að samhæfa orkuframleiðsluna og orkunotkunina.

Þátttakendur eru: European Regions Network for the Application of Communications Technology (IE) sem leiðir verkefnið, Centria University of Applied Sciences (FI) University of Oulu (FI) Donegal County Council (IE) Nolsoy Energy Ltd (FO) og [Háskóli Íslands](#). Heildarverkefniskostnaður er 1.499 þús. evrur og þar ef er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

DACCHE - Digital Action on Climate Change with Heritage Environments snýst um að draga fram staðbundna þekkingu og nýta stafræna tækni til að gera samfélögum kleift að varðveita menningarlandslag og sýna hvernig það lagar sig að loftslagsbreytingum. En einnig til að skipuleggja framkvæmdaáætlanir við endurheimt landgæða í ljósi hraðra breytinga á umhverfinu. Þessar breytingar geta ógnað menningu, menningararfi og samfélagi á svæðinu en stofnanir sem miðla menningararfinum eru lykilaðilar við að hvetja íbúa og ferðamenn til aukinnar meðvitundar og aðgerða.

Þátttakendur eru: Jamtli Foundation (SE) sem leiðir verkefnið, Aurora Borealis Multimedia AS (NO) Donegal County Museum (IE) Faroe Islands National Museum (FO) Nordic Centre of Heritage Learning & Creativity svb (SE) [Gunnarsstofnun](#) og [Háskóli Íslands](#). Heildarverkefniskostnaður er 1.115 þús. evrur og þar ef er íslenski hlutinn 36 þús. evrur. Þess ber að geta að vegna samstarfsörðugleika við verkefnisstjóra drógu íslensku þátttakendurnir sig úr verkefninu og það gerðu reyndar einnig færeysku og norsku þátttakendurnir.

ARCTIC STEM COMMUNITIES - Empowering NPA Communities by Implementing STEM Ecosystems as a Tool for Navigating Change snýst um, eins og nafnið bendir til, að efla samfélög til að takast á við og laga sig að óhjákvæmilegum breytingum með því að efla þekkingu íbúa og byggja upp færni með því að tengja saman fjölbreyttar auðlindir, náttúru og samfélag. Það er gert í gegnum svokallaðar STEM greinar (e. Science, Technology, Engineering, Math) með samstarfi stofnana, skóla, atvinnulífs og almennings, með áherslu á jafnrétti og aðgengi fyrir alla, til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Í verkefninu verður beitt reyndu [bandarísku módeli](#) sem aðlagð verður aðstæðum hjá verkefnisaðilum en markmiðið er einnig að það verði yfirfæranlegt til annarra samfélaga á norðurhvara.

Þátttakendur eru [Þekkingarnet Þingeyinga](#) sem leiðir verkefnið, LUMA Centre Finland (FI) og University of Galway (IE). Heildarverkefniskostnaður er 197 þús. evrur og þar ef er íslenski hlutinn 88 þús. evrur.

Annað kall eftir forverkefnum var opið 15. febrúar - 29. ágúst – 8. mars 2023 og alls bárust sjö umsóknir, þar af tvær með íslenskum þátttakendum. Á fundi stjórnar áætlunarinnar 17. maí 2023 var samþykkt að styðja fimm verkefni og þar af er eitt með íslenskum þátttakendum.

SelfCare-Prep hefur það að markmiði að bæta aðgengi ýmissa jaðarhópa í dreifbýli að heilbrigðisþjónustu og sjálfshjálp. Vegna mismunandi menningarbakgrunns og þekkingar er oft erfitt fyrir ýmsa hópa að nýta sér slíka þjónustu til fulls. Nálgunin á viðfangsefnið er opin og byggir á því að kortleggja stöðuna, þ.m.t. nýtingu fjarheilbrigðislausna og við hvaða hindranir er að glíma. Lögð er áhersla á að tryggja aðkomu sem flestra þjónustuaðila og notenda þjónustunnar til að miðla þekkingu milli aðila.

Þátttakendur eru Region Västerbotten, Centre for Rural Medicine í Svíþjóð sem leiðir verkefnið, [Heilbrigðis- og velferðartækniklasa Íslands](#), University of Limerick á Írlandi og Department of Occupational Medicine and Public Health í Færeyjum. Heildarverkefniskostnaður er 50 þús. evrur og þar ef er íslenski hlutinn 17 þús. evrur.

Þriðja kall eftir aðalverkefnum var opið 25. apríl – 26. maí 2023 og alls bárust níu umsóknir, þar af sex með íslenskum þátttakendum. Á fundi stjórnar áætlunarinnar 27. september 2023 var samþykkt að styðja tvö verkefni sem bæði eru með íslenskum þátttakendum.

OatFrontiers - Adapting oats to final Frontier

Markmið verkefnisins er að auka kornrækt á norðlægum slóðum og eru hafrar valdir vegna þekktra jákvæðra heilsuáhrifa og notkun þeirra í matargerð er vaxandi. Þeir eru einnig þolin jurtt sem þarfnast minni efnanotkunar og þola lægra sýrustig jarðvegs en hveiti og bygg. Í eldra NPA verkefninu CEREAL kom í ljós að megin hindrunin í veginum er vöntun á plöntuefni sem er nægjanlega aðlagað staðbundnum aðstæðum til að auka möguleika á gæða kornrækt á svæðinu. Norrænu ræktunarfyrirtækin eru lítil og hafa ekki bolmagn til þróunar fyrir þetta litla markaðssvæði. Þess utan eru engin ræktunarfyrirtæki starfandi á Íslandi og Írlandi þar sem vantar sárlega yrki sem aðlöguð eru staðbundnum aðstæðum. Því er nauðsynlegt að leita aðstoðar út fyrir svæðið. Prófuð verða 400

mismunandi yrki við mismunandi aðstæður og ný yrki þróuð á grundvelli þeirra prófana. Í gegnum þau tilraunaverkefni verður þekkingu miðlað til bænda um bestu fánlegu yrki á hverjum tíma miðað við umhverfisaðstæður hvers og eins.

Þátttakendur eru Natural Resources Institute Finland (FI) sem leiðir verkefnið, Norwegian University of Life Sciences (NO), Graminor Ltd. (NO), Lantmännen (SE), Teagasc – Agriculture and Food Development Authority (IE), University College Dublin (IE), Boreal Plant Breeding Ltd. (FI), Norwegian Institute of Bioeconomy Research (NO), Lund university (SE) og [Landbúnaðarháskóli Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.681 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 170 þús. evrur.

NoBiCC - Northern Buildings in Changing Climate

Vegna loftlagsbreytinga hefur tíðni sveiflna milli heitra og kaldra loftmassa á veturna aukist sem birtist í meiri vindstyrk og sterkari hviðum með aukinni rigningu til viðbótar við almennt rakara loft. Þetta samspil mun auka rakaálag á byggingar en verkefnið ætlar að rannsaka langtímaáhrif áhrif þessara breytinga við mismunandi aðstæður. Frá heimskautaloftslagi á Grænlandi, úthafsloftslagi á Íslandi og í Noregi, til meginlandsloftslags í norðurhluta Svíþjóðar og Finnlands. Áhrif mismunandi umhverfisaðstæðna á yfirborð mismunandi bygginga verða rannsökuð til að greina hvaða húshlutar í mismunandi húsagerðum eru líklegastir til að verða fyrir auknu rakaálagi. Verkefnið er skref í átt að næstu kynslóð bygginga og hönnunar sem tekst á við breytt loftslag.

Þátttakendur eru UiT The Arctic University of Norway (NO), sem leiðir verkefnið, University of Oulu (FI), Umeå University (SE), Nuuk Architects & Planners a/s (GL) og Háskólinn í Reykjavík. Heildarkostnaður verkefnisins er 1.556 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

Þriðja kall eftir forverkefnum var opið 23. ágúst – 22. september 2023 og alls bárust 10 umsóknir, þar af fjórar með íslenskum þátttakendum. Á fundi stjórnar áætlunarinnar 22. nóvember 2023 var samþykkt að styðja átta verkefni og þar af eru þrjú með íslenskum þátttakendum.

Nordic Bridge - Bridging Gaps through Problem-Solution Matchmaking in the Nordic Region

Markmiðið er að umbreyta starfssvæði Norðurslóðaáætlunarinnar í vistkerfi, samstarfs, nýsköpunar og velsældar með því að byggja upp stafrænt samskiptatorg sem tengi háskóla, atvinnulíf og hið borgaralega samfélag. Þannig verði skapaður vettvangur fyrir þau úrlausnarefni sem eftir er kallað og mögulegar lausnir þeirra. Undirbúningsverkefnið felst í nauðsynlegri grunnvinnu, s.s. þarfagreiningu, skilgreiningu haggæðila og þróun aðalverkefnis.

Þátttakendur eru; Nord University (NO), sem leiðir verkefnið, Lapland University of Applied Sciences (FI), Bodø Business Forum (NO), NCE Aquaculture (NO), [Háskólinn á Hólum](#) og [Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 100 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 32 þús. evrur.

CASBAT - Cascading use of side streams to produce sustainable battery chemicals

Verkefnið snýr að því að koma á samstarfi milli rannsóknarstofnana og atvinnulífsins á starfssvæði Norðurslóðaáætlunarinnar í þeim tilgangi að finna kísilríkt staðgönguhráefni á svæðinu fyrir rafhlöðuiðnaðinn. Í undirbúningsverkefninu fer fram frumskoðun á mögulegum hráefnum á svæðinu og mat á þeim til umræddrar framleiðslu.

Þátttakendur eru; Centria University of Applied Sciences Ltd (FI) sem leiðir verkefnið, University of Eastern Finland (FI) og [Háskóli Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 100 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 30 þús. evrur.

GIFT - Geographical Indication (GI) boosting Food and Tourism sectors in Northern areas

Verkefnið styrkir samkeppnisstöðu og sýnileika staðbundinnar matvælaframleiðslu, handverks og ferðaþjónustu á starfssvæði áætlunarinnar. Markmiðið er að efla samstarf lítilla og meðalstórra fyrirtækja í þeim tilgangi að auka sýnileika svæðisins með því að þróa umsókn um aðalverkefni sem snýr að því að nýta betur upprunamerkingarkerfi Evrópusambandsins og þau markaðstækifæri sem því fylgja.

Þátttakendur eru; University of Helsinki (FI) sem leiðir verkefnið, Local Enterprise Office, Donegal County Council (IE) og Íslenskt lambakjöt. Heildarkostnaður verkefnisins er 49 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 13 þús. evrur.

Fjórða kall eftir aðalverkefnum var opið 11. október 2023 – 2. febrúar 2024 og alls bárust 19 umsóknir, þar af 14 með íslenskum þátttakendum. Á fundi stjórnar áætlunarinnar 29. maí 2024 var samþykkt að styðja níu verkefni, þar af eru sjö með íslenskum þátttakendum.

Arctic Edge - Supply Chain Integration for Interoperability & Enhanced Resilience of SMEs in remote regions

Í verkefninu er ætlunin að styrkja aðfangakeðjur smáfyrirtækja í dreifbýli með þróun og nýtingu stafræna lausna sem byggja á tækni sem þegar er til en hefur ekki verið nýtt nema að takmörkuðu leyti í rekstri minni fyrirtækja. Þannig verði skilvirkni, seigla og aðlögunarhæfni fyrirtækjanna aukin. Afurðir verkefnisins verða m.a. sérsniðnar lausnir og heildstætt kennslufni í formi kennslumyndbanda.

Þátttakendur eru: Sligo Leitrim ITS Regional Development Projects DAC, operating as the AIM Centre (IE), sem leiðir verkefnið, Seamless Aluminium Ltd (IE), Luleå University of Technology (SE), Centria University of Applied Sciences (FI), North Karelia Chamber of Commerce (FI), Sligo County Council (IE), Good4u (IE) og [Háskóli Íslands – iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.587 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 100 þús. evrur.

SelfCare - Self Management of Health and Wellbeing in Rural Areas

Verkefnið hefur að markmiði að bæta aðgengi menningarlega viðkvæmra hópa að velferðarþjónustu og leiðbeiningum um heilsusamlega lífshætti. Áhersla er á að þjónustan sé boðin fram með þeim hætti að hún falli að gildum og verðmætamati viðkomandi hópa sem oft búa við jaðarsetningu, tengslaleysi og vantraust og skilningsleysi af hálfu velferðarkerfanna. Í verkefninu verður sérstaklega unnið með flóttamenn frá Úkraínu á Írlandi, Sama í Svíþjóð og eldra fólk í dreifbýli á Íslandi.

Þátttakendur eru: Region Västerbotten (SE), sem leiðir verkefnið, University of Limerick (IE) og [Heilbrigðis- og velferðartækniklasi Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.018 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

BGN - Bauhaus Goes North

Verkefnið snýst um að innleiða hugmynda- og aðferðafræði New European Bauhaus (NEB) stefnunnar við hönnun bygginga, manngerðs umhverfis og skipulagsvinnu. Stefnan

byggir á aðkomu ólíkra aðila með sjálfbærni og eflingu hringrásarhagkerfisins að leiðarljósi. Aðlögun að mismunandi aðstæðum á áætlunarsvæðinu með tilraunaverkefnum til að skilgreina bestu aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra milli staða.

Þátttakendur eru: University College Cork (IE), sem leiðir verkefnið, OULU University of Applied Science (FI), UIT The Arctic University of Norway (NO), City of Bodø (NO), Umeå University (SE), Cork County Council (IE) og [Grænni byggð](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.633 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 191 þús. evrur.

THREADs - Textile and Habliment Reuse for the Environment and NPA Area Development

Í verkefninu er horft heildstætt á lífsferil textílsins, þ.e. allt frá hönnun, í gegnum framleiðslu, notkun og svo söfnun og endurnýtingu. Verkefnið byggir á forverkefni þar sem unnið var með þær áskoranir á áætlunarsvæðinu sem felast í löngum flutningsvegalengdum, aukinni notkun á textíl og takmarkaðri endurvinnslu. Í því er horft til þess að nýta reynslu á milli landa hvað varðar tæknilausnir, fræðslu, aukna meðvitund og þekkingaryfirfærslu.

Þátttakendur eru: Kajaani University of Applied Sciences (FI), sem leiðir verkefnið, The municipality of Kittilä (FI), Kiertokaari Ltd (FI), Remiks Husholdning AS (NO), Western Development Commission (IE), University of Borås (SE), Technological University of the Shannon (IE), Luleå Miljöresurs AB (SE) og [Textílmíðstöð Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.505 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 129 þús. evrur.

Arctic Sewlutions - Sewage management in cold and sparsely populated regions: solutions for the Arctic in view of a changing climate and emerging contaminants

Verkefnið snýst um að afla og safna saman upplýsingum um virkni mismunandi aðferða við meðhöndlun á fráveituvatni á köldum og dreifbýlum svæðum. Jafnframt að afla upplýsinga um aðskotaefni sem er að finna í viðtökum nærri byggðum á norðurslóðum. Markmiðið er að efla yfirfærslu þekkingar og reynslu á milli svæða þannig að hægt sé að leggja mat á virkni mismunandi aðferða og beita þeim sem best virka við tilteknar aðstæður. Þannig megi bæta meðhöndlun fráveituvatns á tímum loftslagsbreytinga við mismunandi aðstæður og styrkja þannig seiglu og heilbrigði viðkomandi samfélaga.

Þátttakendur eru: University of Oulu (FI), sem leiðir verkefnið, Luleå University of Technology (SE), Technical University of Denmark (GL), Lumire (SE) og [EFLA](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.455 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 130 þús. evrur.

CAP-SHARE - Building Bridges of Shared Capacity between Scientists, Policymakers, and Communities

Í verkefninu er leitast við að brúa það bil sem oft er á milli almennings/einstakra samfélaga, vísindamanna og stjórnmála sem býr til áskoranir þegar kemur að verndun líffræðilegs fjölbreytileika og aðlögunaraðgerðum gagnvart loftslagsbreytingum. Sérstaklega á þetta við á dreifbýlum svæðum þar sem fólk finnur fyrir þessum umhverfisþáttum en upplifir takmörkuð tækifæri til viðbragða og að vera ekki með í ráðum. Ætlunin er að þróa og innleiða aðferðafræði sem eflir þekkingu og skilning milli þessara hópa á því hvernig takast má á við verndun líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbæra nýtingu náttúrunnar útfrá hagsmunum nærsamfélagsins.

Þátttakendur eru [Náttúruminjasafn Íslands](#), sem leiðir verkefnið, Arctic Frontiers (NO), University of Lapland (FI). Samstarfsaðilar eru einnig [Selasetur Íslands](#), [Húnaklúbburinn](#) og [Húnaþing vestra](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 794 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 313 þús. evrur.

NAMRO - Arctic and North Atlantic Mass Rescue Operation Guidelines

Verkefnið snýr að samhæfingu viðbragðsaðila yfir landamæri til að bæta viðbragð þeirra og getu til að takast á við verkefni sem hverjum aðila um sig væru ofvaxin. Er þar ekki síst horft til stærri skemmtiferðaskipa sem fara um hafið á starfssvæði áætlunarinnar. Þróuð verður handbók með viðkomandi viðbragðsaðilum til að takast á við stóra, flókna og sjaldgæfa atburði með samhæfðum viðmiðum og stöðluðum aðgerðum þegar kemur að því að þiggja og/eða veita alþjóðlega aðstoð. Með vinnslu handbókarinnar eru viðbragsaðilar einnig aðstoðaðir við að greina hvaða bjargir eru til staðar, hvað upp á kann að vanta og tryggja allar boðleiðir.

Þátttakendur eru: Joint Rescue Coordination Centre Norway (NO), sem leiðir verkefnið, Munster Technological University (IE) og [Landhelgisgæslan](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 207 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 74 þús. evrur.

Fimmta kall eftir aðalverkefnum var opið 11. júní – 30. september 2024 og alls bárust 23 umsóknir, þar af 20 með íslenskum þátttakendum. Á fundi stjórnar áætlunarinnar 11. desember 2024 var samþykkt að styðja 16 verkefni, þar af eru 14 með íslenskum þátttakendum.

Nordic Bridge - Digital portal for collaborative projects to drive sustainability and innovation

Verkefnið snýst um að takast á við áskoranir á áætlunarsvæðinu, s.s. eflingu mannauðs, takmarkað samstarf háskóla og samfélags og vannýtta rannsóknarmöguleika. Komið verður upp stafrænum vettvangi til að ýta undir nýsköpun og sjálfbærni þar sem hinir ýmsu aðilar geta komið á framfæri vandamálum, áskorunum, rannsóknum og stefnumótun sem unnið er með. Efninu verður deilt meðal nemenda og annarra rannsakenda sem geta þá lagt sína þekkingu á vogarskálarnar og til orðið sameiginleg verkefni, s.s. lokaritgerðir. Samstarf milli háskóla á svæðinu styrkir þannig nemendur og rannsakendur í því að leggja sitt af mörkum við að takast á við áskoranir svæðisins. Með því að byggja þennan alþjóðlega samstarfsvettvang á Quadruple Helix módelinu á að tryggja breidd samstarfsins og að það lifi til lengri tíma.

Þátttakendur eru Nord University (NO) sem leiðir verkefnið, Lapland University of Applied Sciences (FI), Bodo Business Forum (NO), Sligo Leitrim ITS Regional Development Projects DAC trading as AIM Centre (IE), Atlantic Technological University (IE), [Háskólinn á Hólum](#) og [Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.456 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 257 þús. evrur.

CyberGrass 2.0 - Innovative tools for farmers to optimize the management of harvested grasslands

Markmið verkefnisins er að auka notkun hátækni til að auka nákvæmni við mat á uppskerumagni og gæðum á ræktuðu graslendi. Mikilvægt er að hámarka magn og gæði í grasrækt enda um að ræða mikilvægan þátt í mjólkur- og kjötframleiðslu. Áhersla verður á þrjá þætti í verkefninu; 1) þróun aðferðafræði sem byggir á gervihnattarupplýsingum til að meta fóðurgildi og vinna uppskeruspár; 2) nýtingu drónatækni til að fylgjast með vexti og gera kleyft að uppskera á heppilegasta tíma; 3) skoða framtíðar tæknilausnir við mat á grasræktarlandi. Með alþjóðlegu samstarfi sérfræðinga og notenda og nýtingu gangagrunna er ætlunin að auka arðsemi og sjálfbærni í nýtingu auðlinda landbúnaðarins.

Þátttakendur eru Swedish University of Agricultural Sciences (SE) sem leiðir verkefnið, Rural Economy and Agricultural Society Norrbotten- Västerbotten (SE), Natural Resources Institute Finland (FI), Finnish Geospatial Research Institute in National Land Survey of Finland (FI), [Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins](#) og [Svarmi ehf.](#) Heildarkostnaður verkefnisins er 1.131 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

BATTSi - Valorization of Industrial Waste Streams for Battery Grade Silicon

Rafgeymaframléiðsla er orðin mikilvæg starfsemi á norðurslóðum og er markmið verkefnisins er að gera svæðið leiðandi á sviði sjálfbærrar tækni á því sviði og ýta þannig undir efnahagslegan vöxt og umhverfissjálfbærni á svæðinu. Með samstarfi alþjóðlegra rannsóknarhópa, sérfræðinga innan iðnaðarins og þjónustuaðila verða skoðaðir möguleikar á að nýta staðbundin sjálfbær hráefni og hliðarstrauma í framleiðsluna. Þar er verið að horfa til sílikon ríkra hráefna, s.s. korntréjja og borholuvökva (e. geobrine). Gerð verður heildstæð greining á þeirri tækniyfirfærslu sem þarf að eiga sér stað og unnin viðeigandi viðskiptamódel. Greiningin mun fela í sér skilgreiningu nauðsynlegrar tækni ásamt mati á uppskölun, umhverfisáhrifum og lykil hagsmunaaðilum. Afurð verkefnisins verður vegvísir sem getur auðveldað framleiðendum á svæðinu að laga sig að hinni nýju tækni.

Þátttakendur eru Centria University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, University of Eastern Finland (FI), University of Limerick (IE), Luleå University of Technology (SE), MACON (FI) og [Háskóli Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.530 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

AMPLE – Advanced Makerspaces for PiLot production by micro-Enterprises

Þáttaskil verða þegar eitthvað verður skyndilega mögulegt sem mikil þörf er fyrir. Með verkefninu er ætlunin að styðja frumkvöðla og takast þannig á við áskoranir svæðisins m.a. hvað varðar landfræðilega jaðarsetningu, brottflutning yngra fólks, kolefnisjöfnun og stafvæðingu. Frumkvöðlafyrirtækjum verður gert kleift að smíða frumgerðir með notkun nýjustu framleiðslutækni sem orðin er aðgengileg í stafrænum smiðjum. Áhersla er á að hlusta eftir þörfum frumkvöðla og vinna með völdum hópi við að takast á við áskoranirnar. Fjölbjóðlegum tengingum verður komið á milli öndvegissetra á sviði efnisfræði, rafeindafræði, tæknismiðja (FabLabs) og fleiri greina og við frumkvöðla.

Þátttakendur eru University of Galway (IE) sem leiðir verkefnið, Centria University of Applied Sciences (FI), Oulu University of Applied Sciences (FI), Mint-Tek (IE), Manorhamilton Innovation & Development CLG T/A Future Cast (IE) og [Háskóli Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.499 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

InnoGS - Innovation Through Gamification Solutions

Verkefnið snýst um að nýta tölvuleikjanálgun og stafvæðingu til að ná til yngra fólks og efla þannig og viðhalda hæfni sem nýtist bæði í einkageiranum og þeim opinbera. Komið verður upp tilraunaverkefnum þar sem sköpuð verður aðstaða til að þróa staðbundin frumkvöðlavistkerfi (e. innovation ecosystems). Megin afurðir verkefnisins verða þjálfunarefni og lausnir sem geta nýst bæði opinberum aðilum og í atvinnulífinu ásamt bættum fjarskiptainnviðum. Alþjóðlegt samstarf ýtir undir þekkingarmiðlun og hjálpar til við að sniða lausnir að mismunandi aðstæðum og styður þannig við seiglu svæða og örvar efnahagsleg og samfélagsleg tækifæri í dreifbýli.

Þátttakendur eru Savonia University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, Region Västerbotten (SE), Creative Crowd AB (SE), Galway Film Resource Centre CLG t/a Ardán (IE), Humak (FI), Government of Greenland (GL) og [Háskóli Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.604 þús. evrur og þar ef er íslenski hlutinn 160 þús. evrur.

RemoTED - Digital and Technological Social and Healthcare enhanced delivery in Remote areas

Forverkefni leiddi í ljós að þekkingarskortur og meðfylgjandi óöryggi skapaði áskoranir varðandi aukna notkun stafræna fjarvinnslulausna í heilbrigðis- og félagsmálakerfinu. Fagfólk þarfnast meiri þjálfunar og leikni í nýtingu tæknilausna. Þessu verkefni er ætlað að bæta þjónustu heilbrigðis- og félagsmálakerfisins með aukinni áherslu á stafvædda þjónustu í dreifbýli. Í samstarfi við rekstraraðila innan kerfanna verður boðið upp á þjálfun til að styrkja stafræna hæfni og útbúin stafræn tilraunaverkefni. Væntur árangur er aukin geta fagfólks við notkun tæknilausna sem til lengri tíma mun bæta þjónustuna í dreifbýlinu og minnka vinnuálag fagstétta.

Þátttakendur eru Lapland University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, Karelia University of Applied Sciences (FI), Atlantic Technological University (IE) og [Háskóli Íslands](#). Heildarkostnaður er 1.500 þús. evrur og þar ef er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

BOCOD - Boosting Continuity and Digitalisation of Rural Region Businesses

Verkefninu er ætlað að takast á við áskoranir fyrirtækja í dreifbýli sem rekja má til landfræðilegrar einangrunar, öldrunar íbúa og erfiðleika við eigenda- /kynslóðaskipti innan þeirra. Byggt er á fyrra NPA verkefni og boðið upp á nýja nálgun til að styrkja sjálfbærni smáfyrirtækja m.a. með því að styðja við stafræna þróun þeirra. Þannig verði þau gerð samkeppnishæfari og um leið aðgengilegri fyrir nýja eigendur til að taka við rekstrinum. Verkefnið er að bregðast við nýjum aðstæðum fyrirtækja, s.s. hvað varðar

vinnutíma, fjarvinnu og áhrif gervigreindar en til að blómstra þurfa fyrirtækin að laga sig hinu nýja tæknumhverfi og breytingum á væntingum starfsmanna. Meðal afurða verkefnisins verður greining á þeim björgum sem til staðar eru, stafræn færniþjálfun og kennslufni um hvernig best verði stuðlað að samfellu í rekstri fyrirtækja við eigenda- / kynslóðaskipti.

Þátttakendur eru Munster Technological University (IE) sem leiðir verkefnið, Lapland University of Applied Sciences Ltd (FI), Business Joensuu Ltd. (FI), University of Oulu (FI), [Austurbrú](#) og [Vestfjarðastofa](#). Heildarkostnaður er 1.500 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

GIFT – Geographical Indication boosting Food, Non-food and Tourism sectors in Northern areas

Starfsumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á svæðinu er krefjandi vegna þátta eins og fjarlægðar frá mörkuðum, lítils sýnileika og vanda við að fá sanngjarnt verð fyrir gæðaframléiðslu. Upprunatilvísanakerfi Evrópusambandsins (e. EU's geographical indication (GI) scheme) gæti nýst til að vernda framleiðsluheimi, draga fram sérkenni, styðja við betri verð og tengja framleiðsluna við uppruna sinn. Notkun kerfisins er hins vegar minni á NPA svæðinu en annars staðar Evrópu en markmið verkefnisins er að styrkja samkeppnishæfni og sýnileika lítilla og meðalstórra fyrirtækja á svæðinu, ýta undir samstarf þeirra á milli og koma svæðinu betur á framfæri á mörkuðum með aukinni notkun á upprunatilvísanakerfinu. Efnt verður til samstarfs milli landa og innan svæða til að styðja við umsóknir um upprunatilvísun og einnig horft til þess að ferðaþjónustan nýti sér kerfið. Áhersla verður á vitundarvakningu um möguleika kerfisins, opnun nýrra markaða og keyrð verður tilraunaumsókn.

Þátttakendur eru University of Helsinki Ruralia Institute (FI) sem leiðir verkefnið, Icelandic Lamb (IS), Local Enterprise Office, Donegal County Council (IE), Ministry of Agriculture, Self-Sufficiency, Energy and Environment (GL) og [Íslenskt lambakjöt](#). Heildarkostnaður er 1.027 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 289 þús. evrur.

Sustainable SMEs – Sustainability reporting enhancing SMEs' market reach, competitiveness, and sustainable growth

Stór fyrirtæki á hlutbréfamarkaði innan ESB þurfa að skila heildstæðri sjálfbærnisráskýrslu (Environmental Social Governance report = ESG) með hefðbundnu ársuppgjöri fyrir 2025. Þetta gerir m.a. kröfu um slíka skýrslugerð fyrir alla aðfangakeðjuna, þ.m.t. fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þó ýmis verkfæri séu á markaðnum þeim til aðstoðar er skýrslugerðin áskorun sem þau þarfnast aðstoðar við. Markmið verkefnisins er því að auka skilning

fyrirtækja á skýrslugerðinni og sjálfbærni sem slíkri. Hvatt verður til sameignlegra lausna lítilla og meðalstórra fyrirtækja varðandi nauðsynlega skýrslugerð ásamt því að dreifa þekkingu á sviði sjálfbærni og skýrslugerðar þar um.

Þátttakendur eru Jamk University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, BioFuelRegion (SE), Sligo Leitrim ITS Regional Development Projects DAC, operating as the AIM Centre (IE), Irish Wood and Interiors Network CLG (IE) og [Háskóli Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.395 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 100 þús. evrur.

RIAQ - Retrofitting for Improved Air Quality: promoting sustainable and healthy homes

Verkefnið snýr að því að bæta orkunýtingu á svæðinu með því að bæta loftgæði og rakastig í endurbyggðum húsum og bæta þannig vistgæði þeirra. Í samræmi við gildandi evrópureglur á sviðinu verða þróaðar og kynntar praktískar lausnir á sviði sjálfbærrar endurbyggingar í samstarfi við byggingaraðila, hið opinbera og íbúa til að tryggja sem víðtækasta aðlögun og hlítu við gildandi lög og reglur. Með alþjóðlegu samstarfi er opnað á yfirfærslu og skölun lausna á milli svæða sem styðja við hringrásarhagkerfið og aukna sjálfbærni bygginga til lengri tíma. Væntar afurðir verkefnisins eru bætтар aðferðir við endurbyggingu húsa sem auka muni lífgæði þeirra sem í þeim búa og leiða til aukinnar samvinnu ólíkra aðila um heilbrigðara og sjálfbærara manngert umhverfi.

Þátttakendur eru University of Oulu (FI) sem leiðir verkefnið, University of Galway (IE), Umeå University (SE), Finnish Institute for Health and Welfare (FI), [Háskóli Íslands](#) og [VERKVIÐ](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.496 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 170 þús. evrur.

RETURN – Regenerative Economic Transfers for Universal Resilience in the North

Í verkefninu verður tekist á við þá sameiginlegu áskorun sem felst í því að afrakstur ferðaþjónustunnar er oft ekki að skila sér til nærsamfélagsins. Markmiðið er að skilgreina skilvirk tekjumódel sem styðja við nærsamfélagið og umhverfið. Með því að setja fram og kynna mismunandi skattlagningarmódel gagnvart ferðaþjónustunni er ætlun verkefnisins að setja fram skilgreinda kosti um það hvernig auka megi afrakstur nærsamfélagsins af ferðaþjónustunni. Settir verða fram stefnukostir, drög að lagarömmum og aðgerðum sem tli þess eru fallnar að valdefla samfélögin og viðkomandi stjórnvöld. Með áherslu á breytta skiptingu afraksturs greinarinnar sem drifkrafts sjálfbærrar ferðaþjónustu og seiglu viðkomandi samfélaga nálgast verkefnið sameignlega áskorun svæðisins, á nýstárlegan hátt.

Þátttakendur eru University of Lapland (FI) sem leiðir verkefnið, Munster Technological University (IE), Leave No Trace Ireland (IE), University of Greenland (GL), University of the Faroe Islands (FO), Mid Sweden University (SE) og [Háskólinn á Akureyri](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.600 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 187 þús. evrur.

NACEMAP - Northern and Arctic Communities Emergency Management and Preparedness

Neyðarstjórnun er sameiginleg áskorun á svæðinu og snýr verkefnið að því að aðstoða samfélögin á svæðinu við að aukaseiglu gagnvart hamförum með sjálfsmati og þróun áætlana til að takast á við neyðartilfalli. Greindar verða bestu aðferðir til forvarna, viðbrögð við atburðum og endurheimt í kjölfar atburða, staðbundið en einnig á svæðis- og landsvísu og alþjóðlega. Nálgunin verður í gegnum vinnustofur með staðbundnum stjórnvöldum, fulltrúum almennings, viðbragðsaðilum og öðrum lykilaðilum. Afurðir vinnustofanna verða m.a. kortlagning og greining mismunandi viðbragða þar sem bestu lausnum verður miðlað meðal þátttakenda og skilgreindra markhópa. Afurð verkefnisins verður í formi tilraunaverkþakka í þremur hlutum; sjálfsmat og yfirferð á forvörnum, viðbragðsáætlun í hamförum og endurheimt sem viðvarandi ferli til styrkingar seiglu samfélaganna.

Þátttakendur eru Munster Technological University (IE) sem leiðir verkefnið, Laurea University of Applied Sciences (FI), Ambipar Response Ltd (IE), University of Akureyri (IS), The Finnish National Rescue Association (FI), [Háskólinn á Akureyri](#) og [Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.500 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 198 þús. evrur.

FORESTCARBOVISION – Empowering Communities through Forest Carbon Farming: Building Climate Resilience and Sustainable Resource Management

Verkefnið mun takast á við þá umhverfisáskorun sem felst í því að þróa og innleiða sjálfbærni í kolefnisbindandi skógrækt. Með notkun nýjustu tækni á því sviði er markmiðið að bæta kolefnisbindingu og vernda líffræðilega fjölbreytni í þáttökulöndunum fjórum. Þróuð verður framsækin aðferðafræði til kolefnismælinga, skapalón til yfirfærslu bestu lausna og keyrð tilraunaverkefni á mismunandi stærðarskala. Helstu haghafar eru m.a. skógareigendur, umhverfisstofnanir og stefnumótunaraðilar. Alþjóðlegt samstarf er grundvallar atriði í því að miðla mismunandi sérþekkingu þannig að unnt sé að laga lausnir að mismunandi vistkerfum. Sérstaða verkefnisins liggur í þáttökuaðferð þess, þar sem hagnýt verkfæri og aðferðir eru hönnuð

Í samvinnu við hagsmunaaðila frá opinberum stofnunum, rannsóknarstofnunum, frjálsum félagasamtökum og einkaaðilum, sem tryggir víðtæka innleiðingu og áhrif um allt svæðið.

Þátttakendur eru Natural Resources Institute Finland (FI) sem leiðir verkefnið, UiT, The Arctic University of Norway (NO), Oulu University of Applied Sciences (FI), GREEN SKIBBEREEN (IE), og [Landbúnaðarháskóli Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.199 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 212 þús. evrur.

REGENERATE - Regenerative Tourism in the Northern Periphery and Arctic for building resilient communities and preserving the unique heritage of the region

Umhverfið á svæði Norðurslóðaáætlunarinnar er viðkvæmt og næmt fyrir áhrifum aukinnar ferðaþjónustu, sem þegar hefur haft þar neikvæð umhverfisáhrif. Því er stefnubreyting í átt að endurnýjandi (e. regenerative) ferðaþjónustu nauðsynleg, sem byggir á sjálfbærri nálgun og hefur að markmiði að endurheimta og endurnýja þau svæði sem ferðamenn sækja heim. Nálgunin gengur lengra en að lágmarka neikvæð áhrif og kappkostar að ná fram jákvæðum áhrifum fyrir áfangastaðina og fólki ð sem þar býr. Virkt samstarf einkaaðila og hins opinbera er nauðsynlegt til að byggja upp síka markmiðsmiðaða ferðaþjónustu. Áskorunin felst í að kynna endurnýjandi ferðaþjónustu, valdefla aðila og samþætta aðferðafræðina daglegum rekstri. Verkefnið mun byggja upp getu, stefnumörkun og markaðssetningarlausnir sem geta stuðlað að endurnýjun náttúrulegra, efnahagslegra og menningarlegra auðlinda og skapa þannig fordæmi um uppbyggingu sjálfbærrar framtíðar.

Þátttakendur eru [Visit Reykjanes](#) sem leiðir verkefnið, [Reykjanes jarðvangur](#), Olemisen Balanssia ry (FI), Karelia University of Applied Sciences (FI), Gold of Lapland economic association (SE) og Cuilcagh Lakelands UNESCO Global Geopark (IE). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.194 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

Sameiginlegt klasakall með Interreg Aurora áætluninni var opið 8. september – 6. október 2025 og alls bárust sjö gildar umsóknir, þar af fimm með íslenskum þátttakendum. Á fundi stjórnar áætlunarinnar 10. desember 2025 var samþykkt að styðja fimm verkefni. Alls taka 22 verkefnisaðilar frá Finnlandi, Færeyjum, Írlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð þátt í þessum fimm verkefnunum en þar af eru íslenskir þátttakendur í þremur.

AUTOsense sameinar sérfræðilpekkingu og reynslu á sviði stafrænna lausna fyrir landbúnað.

Þátttakendur eru; Savonia University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, Luleå University of Technology (SE), Teagasc- the Agriculture and Food Development Authority (IE) og [Landbúnaðarháskóli Íslands](#). Heildarverkefniskostaður er 200 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 53 þús. evrur.

ReThink verkefnið nálgast nærandi ferðapjónustu (e. regenerative tourism) út frá ákveðnum grunngildum og fjallar um viðkvæm vistkerfi, árstíðabundna sveiflu og skort á samhæfingu milli stofnana á svæðum Interreg NPA og Aurora.

Þátttakendur eru; Natural Resources Institute Finland (FI) sem leiðir verkefnið, Gold of Lapland (SE), Business Kristinestad (FI) og [Visit Reykjanes](#). Heildarverkefniskostnaður er 198 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 46 þús. evrur.

CATALIS leggur áherslu á að efla getu hagaðila til að þróa endingargóðar steypulausnir sem henta aðstæðum á norðurslóðum.

Þátttakendur eru; Luleå University of Technology (SE) sem leiðir verkefnið, SINTEF NARVIK (NO), Novia University of Applied Sciences (FI), Tampere University Foundation (FI), University of the Faroe Islands (FO), The Arctic University of Norway (NO) og [Háskóli Íslands – líf- og umhverfisvísindadeild](#). Heildarverkefniskostnaður er 130 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 17 þús. evrur.

Sjötta kall eftir aðalverkefnum var opið 1. október 2025 – 2. febrúar 2026 og alls bárust 33 umsóknir sem er metfjöldi umsókna í einu kalli. Af þessum 33 umsóknum voru 20 með íslenskum þátttakendum. Á fundi stjórnar áætlunarinnar 3. júní 2026 var samþykkt að styðja 15 verkefni en þar af eru níu með íslenskum þátttakendum.

CIRCULATOURL – Circular, low-waste and resource-smart tourism

Í verkefninu er tekst á við áskoranir á svæðinu, þar sem loftslagsbreytingar og ofurfurðamennska annars staðar ýta undir vöxt í svokallaðri „svalarfrís“ (coolcation)

ferðapjónustu. Þessi vöxtur skapar ný tækifæri, en eykur jafnframt álag á vistkerfi, innviði og velferð samfélaga. Mörg svæði innan NPA búa yfir sterkum hefðum fyrir hringrásarmiðuðum aðferðum, en þær hafa ekki verið yfirfærðar á milli svæða.

Markmið verkefnisins er að stuðla að sjálfbærari ferðapjónustu á svæðinu með því að þróa og prófa lausnir sem bæta stjórnun ferðamanna, minnka auðlindanotkun og hjálpa ferðapjónustunni að aðlagast breyttum aðstæðum. Byggt er á fjölbjódlegri nálgun með lifandi tilraunastofum þar sem lausnir verða þróaðar og prófaðar sameiginlega í fjölbreyttu samhengi á norðurslóðum, eyjum, strandsvæðum og dreifbýlum svæðum. Verkefnið skilar þremur meginniðurstöðum; spálíkani fyrir ferðamannaflæði, snjöllum áfangastaðakortum með áherslu á hringrásarhagkerfi og leiðbeiningum um sjálfbærari ferðapjónustu sem nýta má víðar. Niðurstöðurnar munu nýtast stjórnvöldum, áfangastaðastofum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum og ferðamönnum. Þátttakendur eru South-Eastern Finland University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, Mikkeli Development Miksei Ltd. (FI), Innovation South Greenland (GL), Luleå University of Technology (SE), Dingle Peninsula Tourism Alliance (IE), [Háskólinn á Akureyri](#) og [Rannsóknarmiðstöð ferðamála](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.249 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 183 þús. evrur. Verkefnistíminn er 30 mánuðir.

PeakCom - Peak Load management for communities

Verkefnið mun þróa og sýna fram á lausnir sem draga úr álagstoppum í raforkunotkun í sex tilraunasamfélögum. Takmörkuð flutningsgeta raforkukerfa og vaxandi kostnaður við orkuskipti gera alþjóðlegt samstarf nauðsynlegt til að laga nýsköpunarlausnir að fjölbreyttum staðbundnum aðstæðum og miðla árangursríkum aðferðum.

Verkefnið byggir á fyrri tilraunaverkefnum og nýtir þekkt hugtök og lausnir sem mynda grunn að frekari þróun til að takast á við vaxandi áskoranir vegna álagstoppa og auðvelda notkun þessara lausna á fleiri svæðum. Það mun skila opnum hugbúnaði, hagnýtum verkfærakistum og samfélagsdrifnum lausnum sem styrktar eru með niðurstöðum fyrri verkefna.

Sérstök áhersla verður lögð á þátttöku ungs fólks í hönnun, þróun og prófun tilraunaverkefnanna. Þátttaka þeirra gefur verkefninu nýjar hugmyndir og veitir unga fólkinu dýrmæta verklega reynslu af orkuskiptunum.

Vænt áhrif eru minni álagstoppar, lægri orkukostnaður, minni þörf fyrir fjárfestingar í raforkukerfum og aukin þátttaka ungs fólks á afskekktum svæðum.

Þátttakendur eru Centria University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, Lapland's Municipal Association (SE), University of Oulu (FI), Nancy Spf (FO), West Kerry Community Cooperative Ltd (IE) og Háskóli Íslands. Heildarverkefniskostnaður er 1.250 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur. Verkefnistíminn er 30 mánuðir.

PLEDGE - Plants on the Edge

Svæðið stendur frammi fyrir sameiginlegum áskorunum vegna loftslagsbreytinga, svo sem minni líffræðilegri fjölbreytni, hnignun vistkerfa og takmarkaðri getu til að vernda erfðaauðlindir villtra plantna á afskekktum svæðum. Varðveisla tegundar utan náttúrulegs búsvæðis hennar, svokölluð ex-situ varðveisla, skapar skjól fyrir afkomu hennar. Írland, Ísland og Finnland eiga það sameiginlegt að hýsa viðkvæmar tegundir á strandsvæðum, votlendi og norðlægum fjalla- og heimskautasvæðum, en geta til ex-situ varðveislur er brotakernd.

PLEDGE er ætlað að styrkja viðnámsþrótt gagnvart loftslagsbreytingum með því að byggja upp net um ex-situ varðveislur, sem leiðir til betri undirbúnings fyrir endurheimt plöntutegunda í hættu. Sameiginlega þróaðar og innleiddar verndaráætlanir og lausnir fyrir ex-situ varðveislur munu stuðla að langtímarvarðveislur tegunda sem hafa þýðingu þvert á landamæri. Verkefnið nýtist náttúruverndarstofnunum, landstjórnendum, stefnumótendum og samfélögum á NPA-svæðinu, auk þeirra tegunda og vistkerfa sem eru í hættu.

Verkefnisaðilar eru Office of Public Works (OPW) (IE) sem leiðir verkefnið, University of Oulu (FI), [Náttúrufræðistofnun Íslands](#) (IS) og [Reykjavíkurborg \(grasagarðurinn\)](#) (IS). Heildarverkefniskostnaður er 1.090 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur. Verkefnistíminn er 30 mánuðir.

PRESAFE - Safety, Sustainability and Accessibility in Remote Nurse Prescribing

Íbúar strjálbýlla svæða í Finnlandi, Írlandi og Íslandi standa frammi fyrir hindrunum í aðgengi að heilbrigðisþjónustu vegna skertrar nærþjónustu, mikils ferðatíma og skorts á læknum. Hjúkrunarfræðingar í þessum löndum hafa mismunandi heimildir til að ávísa lyfjum, en fjarávísanir hjúkrunarfræðinga eru enn takmarkaðar þrátt fyrir möguleika þeirra til að bæta meðal annars aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Verkefnið sameinar samstarfsaðila frá þremur löndum í að skoða hvernig fjarávísanir hjúkrunarfræðinga fara fram og hvaða lærdóm má miðla yfir landamæri. Með samburði á löggjöf, hagnýtri reynslu og þjónustulíkönun mun verkefnið þróa öruggt, gagnreynt líkan sem hentar aðstæðum á áætlunarsvæðinu. Þannig er unnt að , stytta biðtíma og nýta faglegt vinnuafli á skilvirkari hátt. Um leið er stutt við hagkvæmari heilbrigðisþjónustu, dregið úr umhverfisfótspori með minni ferðapörf ásamt því að tryggja faglega meðferð.

Verkefnisaðilar eru University of Eastern Finland (FI) sem leiðir verkefnið, Wellbeing Services County of North Savo (FI), University of Limerick (IE) og [Háskólinn á Akureyri \(hjúkrunarfræðideild\)](#). Heildarverkefniskostnaður er 1.108 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur. Verkefnistíminn er 30 mánuðir.

BRIDGES - Building Regional Innovation for Green Economy Solutions

BRIDGES tengir saman fimm ólík svæði sem bæta hvert annað upp — Vestfirði á Íslandi, Oulu í Finnlandi, Tromsø í Noregi, Norrbotten í Svíþjóð og Cork á Írlandi — til að hraða umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi með því að þróa samstarf yfir landamæri í raunhæf viðskiptatækifæri fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Byggt verður upp fjölbjóðlegt nýsköpunarnet sem tengir lítil og meðalstór fyrirtæki við stuðningsaðila á sviði hringrásarlausna. Þannig er stuðlað að hraðari þróun og innleiðingu hringrásarlausna í starfsemi fyrirtækjanna. Með kortlagningu á svæðisbundnum styrkleikum og þörfum fyrirtækja, ásamt sérsniðnum stuðningi við einstök fyrirtæki, er stutt við hringrásarmiðuð viðskiptalíkön, auðlindanýtni og stafræna getu.

Langtímaáhrif verða tryggð með stuðningi við markaðssókn og skalanleika, með því að auðvelda samstarf við klasa, opinbera aðila og fjárfesta, og með því að koma á stjórnskipulagi fyrir áframhaldandi samstarf að verkefninu loknu.

Verkefnisaðilar eru LTU Business AB (SE) sem leiðir verkefnið, Business Oulu, City of Oulu (FI), ProTromsø AS (NO), Cork Chamber (IE) og Vestfjarðastofa.

Heildarverkefniskostnaður er 1.007 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 189 þús. evrur. Verkefnistíminn er 30 mánuðir.

DC NEST - Data Center NPA Ecosystem

Tilgangur verkefnisins er að efla getu sveitarfélaga til að laða að og stýra sjálfbærum fjárfestingum í gagnaverum. Það er gert með því að efla þekkingu og samstarf opinberra aðila. Horft er á gagnaver sem drifkraft fyrir orkunýtnar lausnir í köldu loftslagi, með betri nýtingu endurnýjanlegrar orku og snjallri orkustýringu.

Með því að þróa sameiginlegar afurðir, eins og verkfærakistu og sameiginlega framtíðarsýn, gefur verkefnið sveitarfélögum hagnýtar leiðir til að meta umhverfisáhrif, nýta orku betur, skipuleggja endurnýtingu varma og meta félagsleg og efnahagsleg áhrif.

Verkefnisaðilar eru Kajaani University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, European Regions Network for the Application of Communications Technology (IE), Umeå University (SE) og [Samtök sunnlenskra sveitarfélaga](#). Heildarverkefniskostnaður er 1.046 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 191 þús. evrur. Verkefnistíminn er 30 mánuðir.

NSRR - Nordic SME Risk & Resilience

Verkefninu er ætlað að efla getu opinberra geirans í strjálbýli til að tileinka sér og nýta sameiginlega þróaðar og gagnreyndar aðferðir krísustjórnunar fyrirtækja við svæðisbundna stefnumótun og daglega starfsemi.

Verkefnið hjálpar litlum og meðalstórum fyrirtækjum í strjálbýli að bregðast betur við krísum með því að þróa, prófa og miðla einföldum handbókum um krísustjórnun. Verkefnið byggir á samstarfi milli landa og sveitarfélaga þar sem greining og tilraunir eru nýttar til að efla getu. Verkfærin sem verða til eru hagnýt og byggð á reynslu. Þau nýtast í stefnumótun og daglegu starfi opinberra aðila og bæta samhæfingu, seiglu og viðbúnað gagnvart krísum.

Verkefnisaðilar eru Mikkele Development Miksei Ltd (FI) sem leiðir verkefnið, Ballyhoura Development CLG (IE), Atlantic Technological University (IE), [Grindavíkurbær](#) (IS) og [GeoCamp Iceland](#) (IS). Heildarverkefnisupphæð er 1.237 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur. Verkefnistíminn er 30 mánuðir.

RE:FLEX - Testing SME Flexibility Potential in Renewable-Driven Electricity Markets

Raforkukerfi á svæðinu mótast í auknum mæli af háu hlutfalli endurnýjanlegrar orku. Um leið og umbreytingin er nauðsynleg til að draga úr kolefnislosun skapar hún sveiflur í framboði og verði raforku sem lítil og meðalstór fyrirtæki eiga erfitt með að bregðast við. Fyrirtæki skortir þekkingu á því hversu mikinn rekstrarsveigjanleika þau geta búið við og hvaða ferla má aðlaga án þess að raska framleiðslu og hvernig sveigjanleiki getur skilað mælanlegum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Verkefnið tekst á við þessa sameiginlegu áskorun.

Markmiðið er að sýna hvernig orkufrek, lítil og meðalstór fyrirtæki geta nýtt endurnýjanlega orku betur, dregið úr losun og jafnframt haldið framleiðslu gangandi. Prófað er hvernig fyrirtæki geta hagað starfsemi sinni í takt við tímabil þar sem framboð endurnýjanlegrar orku er meira. Þannig má minnka þörf fyrir jarðefnaeldsneyti og nýta endurnýjanlega orku betur.

Með gervigreindarstuddri líkanagerð og prófunum í tilraunaverkefnum mun verkefnið skila yfirfæranlegri þekkingu um sveigjanleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja, rekstrarleg takmörk og kolefnisáhrif.

Verkefnisaðilar eru Sligo Leitrim ITS Regional Development Projects DAC, sem starfar undir heitinu AIM Centre (IE) og leiðir verkefnið, Luleå University of Technology (SE), North Karelia Chamber of Commerce (FI), Masonite Ireland (IE), From Jaakkolan Tukku Oy (FI) og [Háskóli Íslands \(iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild\)](#). Heildarverkefniskostnaður er 1.231 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 50 þús. evrur. Verkefnistíminn er 30 mánuðir.

BIOGUARD - Operational Biodiversity Loss Risk Prevention and Climate Adaptation in Northern Forest Landscapes

Loftslagsbreytingar auka hættu á röskun skóga, svo sem vegna ofsaveðra, meindýra og samspils þurrka og gróðurelda. Á sama tíma dregur minni líffræðileg fjölbreytni úr

viðnámsþrótti vistkerfa. Stjórnvöld og landeigendur skortir landfræðilega vísa, tilbúna til notkunar í áætlanagerð, til að forgangsraða forvörnum og vistkerfismiðaðri aðlögun.

Verkefnið mun hanna og sannreyna, í samstarfi við hagaðila, verkfærakistu sem sameinar mismunandi mæligögn sem eru tilbúin til notkunar í landupplýsingakerfum. Með tilraunaverkefnum í Finnlandi, Noregi, Íslandi og Írlandi verður sýnt fram á hagnýtingu gagnanna og samanburðarhæfa lausn sem er tilbúin og unnt að fella inn í stefnumótun til hagsbóta fyrir stjórnvöld, landeigendur, félagasamtök og rekstraraðila innviða.

Verkefnisaðilar eru Natural Resources Institute Finland (FI) sem leiðir verkefnið, Oulu University of Applied Sciences (FI), UiT The Arctic University of Norway (NO), Irish Rural Link Cooperative Society (IE) og [Land og skógur](#). Heildarverkefniskostnaður er 993 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 117 þús. evrur. Verkefnistíminn er 30 mánuðir.